



Alþingi  
Nefndasvið – Atvinnuveganefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Selfossi 12. febrúar 2016

**Efni:** Umsögn stjórnar SASS um frumvarp til laga um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald (heimagisting, veitingastaðir án áfengisveitinga, ótímabundin rekstrarleyfi), 457. mál.

Stjórn SASS leggst gegn samþykkt frumvarpsins að óbreyttu. Hún tekur undir ábendingar Sambands Íslenskra sveitarfélaga sem fram koma í umsögn þeirra til atvinnuveganefndar og dagsett er 29. janúar sl.

Stjórn SASS vill sérstaklega áréttta að hún telur að 90 daga reglan sem tengist heimagistingu samræmist ekki jafnræðisreglunni. Verði frumvarpið samþykkt óbreytt er verið að mismuna aðilum á þann hátt að meðan einn þurfi að afla sér tilskilinna leyfa með tilheyrandi umstangi og kostnaði þurfi aðrir þess ekki.

Forsvarsmenn SASS óska sérstaklega eftir að koma á fund atvinnuveganefndar til að skýra málið nánar.

Virðingarfyllt,  
f.h. stjórnar SASS

Bjarni Guðmundsson,  
framkvæmdastjóri